

# Fundargerð

**Efni fundarins: Aðalfundur VR 2017**

**Fundarstaður og dagsetning:** Hilton Nordica Reykjavík hótel, 28. mars 2017, kl. 19:30.

**Mættir: 128 félagsmenn VR**

**Fundarritari:** Árni Leósson

**Málsnúmer í One:** 1701111

**Það helsta sem kom fram var:**

## 1. Kosinn fundarstjóri

Ólafía B. Rafnsdóttir formaður VR setti fund kl. 19:30 og bauð fundarmenn velkomna. Stakk hún uppá því að Guðmundur B. Ólafsson, lögmaður VR, yrði fundarstjóri. Ekki komu fram aðrar uppástungur og var Guðmundur kosinn fundarstjóri með lófataki.

Að þessu búnu tók Guðmundur við stjórn fundarins.

## 2. Kosinn fundarritari

Fundarstjóri stakk uppá því að Árni Leósson sviðsstjóri hjá VR yrði fundarritari.

Ekki komu fram aðrar uppástungur og var Árni kosinn fundarritari með lófataki og hóf hann að rita fundargerð.

Guðmundur gat þess að til fundar hafi verið boðað með lögglegum hætti sbr. 23 gr. laga VR með auglýsingum í dagblöðum m.a. þann 17.03 í Fréttatímanum, 18.03 í Fréttablaðinu, 25.03 í Morgunblaðinu og aftur í Fréttablaðinu þann 27.03 auk þess sem auglýst var á vefsíðu og Facebook síðum félagsins. Einnig séu uppfylltar skyldur um að fundur sé haldinn innan 14 daga frá lokum kosninga til stjórnar en þeim lauk þann 15. mars og tillögur að lagabreytingum og endurskoðaðir og áritaðir reikningar VR lágu frammi á skrifstofum félagsins og vefsíðu 7 dögum fyrir fund.

Næst óskaði fundarstjóri eftir samþykki fundarins fyrir breytingu á hefðbundinni röð dagskráliða til þess að taka mætti fyrir til samþykktar samning um sameiningu VR og Verslunarmannafélags Suðurlands áður en dagskráliður lagabreytinga yrði tekinn fyrir þar sem samþykkt sameiningar er forsenda fyrstu lagabreytingartillögunnar á 1. gr. laga VR um félagssvæði.

Samþykkt samhljóða.

Þá óskaði fundarstjóri eftir samþykki fundarins fyrir því að tekið yrði fyrir til samþykktar framlag ársins 2016 í VR varasjóð áður en reikningar verði teknir til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Og loks óskaði fundarstjóri eftir samþykki fundarins fyrir því að umræður um skýrslu stjórnar og reikninga væru teknar saman.

Samþykkt samhljóða.

### 3. Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins undanfarið starfsár

Ólafia B. Rafnsdóttir, formaður VR, las skýrslu stjórnar og kom m.a. fram í máli hennar að VR hafi stækkað mikil á undanfönum árum en í dag telji félagsmenn 17% af íslenskum vinnumarkaði. Nokkuð hefur verið um sameiningar félagsins við félög verslunarmanna af landsbyggðinni og nú á þessum fundi standi til að samþykkja sameiningu við Verslunarmannafélag Suðurlands. Þetta styrkir VR og óumdeilt að félagið er fjölmennasta stéttarfélag landsins.

Þá sagði hún að sífellt sé verið að leita leiða til að efla þjónustuna við hinn stækandi hóp félagsmanna m.a. hafi verið samþykkt að hefja viðamikla uppbyggingu í orlofsmálum og í því skyni færðar 500 milljónir kr. úr félagssjóði í Orlofssjóð og nú þegar hafi verið keypt 10 af þeim tuttugu húsum og orlofsíbúðum sem áætlað er að kaupa.

Þá hafi á síðasta ári rúmlega 900 félagsmenn fengið greidda sjúkradagpeninga úr Sjúkrasjóði VR en nokkur aukning hefur verið á útgreiðslum sem rekja má helst til aukninga í sjúkdómum geðraskana og krabbameins.

Þá séu fræðslumálin stór málaflokkur hjá féluginu og hafi Starfsmenntaneftnd VR unnið að hæfnigreiningu starfa í verslun og einnig sé verið að skoða með fagháskólanám í verslun. Það sé einnig ánægjulegt að námsefni VR Skóla lífsins sé komið í notkun í langflestum framhaldsskólum landsins.

En kjaramálin eru hjarta félagsins og mikilvægasta hlutverk VR snýr að þeim. Um 1.600 mál komu á borð kjaramálasviðs VR á síðasta ári og fjölgar þeim jafnt og þétt. Félagið hafi einnig lagt áherslu á jafnréttismál og fagnaðarefnini sé að stjórnvöld vilja leggja aukna áherslu á þau mál með innleiðingu Jafnlaunavottunar hjá fyrirtækjum og stofnunum.

Þá nefndi Ólafia að fyrir fundinum liggi tillaga um að hækka framlag í VR varasjóð umtalsvert eða í 785 milljónir kr. en á síðasta ári var það 550 milljónir kr. svo það er rifleg hækkan en nú er í fyrsta sinni félagssjóður nýttur til að efla varasjóðinn. Slíkt sé eðlilegt þegar að vel ári.

Næst ræddi Ólafia kjarasamningamál og hvernig verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur ákváðu að fresta viðbrögðum við forsendubresti kjarasamninga um eitt ár. Markmið okkar hafi verið að stöðva höfrungahlaup hækkan og ná stöðugleika en í þeim efnum höfum við litið til Norðurlandanna sem fyrirmund. Að lokum sagðist hún vona að stéttarfélögunum og atvinnurekendum beri gæfa til að ganga í takt, okkur öllum til hagsbóta.

### 4. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, tók nú til máls og fór yfir reikninga félagsins.

Stefán sagði að ársreikningurinn sé áritaður án fyrirvara af Deliotte endurskoðunarstofu. Fór hann fyrst yfir heildarafkomu þar sem heildartekjur eru 3,5 milljarðar kr., gjöld, bætur og styrkir voru samtals 2,9 milljarðar kr., rekstartekjur umfram gjöld 528 milljónir kr. og hreinar tekjur til ráðsstöfunar 775 milljónir kr.

Varðandi rekstrartekjur þá kom fram að iðgjaldatekjur aukast um 400 millj. á milli ára eða um 14,6%. En varðandi rekstrargjöld er aukning um 29 millj. þar af er 9,5 millj. vegna skatts til ASÍ, 17 mill. vegna framlags VR í starfsmenntasjóð en skattur til Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna hækkar um 2,2 mkr milli ára.

Í VR varasjóði varð 6,4% lækkun á milli ára en greiddar voru út 493 millj.kr. og var meðalstyrkur 36.157 kr. árið 2016.

Varðandi fjármagnsliði þá voru fjármunatekjur 321 millj.kr og fjármagnsliðir alls 247 millj. kr.

Stefán fór nú næst yfir þróun ávöxtunar eignasafns VR þar sem kom fram að krónan styrktist á árinu 2016 um 15,5%, sem þýðir að erlendu eignir félagsins taldar í krónum lækkuð um 15,5% á árinu 2016. Meðalávöxtun síðastliðina 5 ára er 5,91% nafnávöxtun og 3,21% raunávöxtun. Félagið á til erlendar eignir frá því fyrir hrun en þær eru um 11,8% af eignasafni félagsins.

Um 83,6% af eignum félagsins eru í skuldabréfum og innlánum en heildar tölur eru þær að fastafjármunir alls eru 10,8 milljarðar kr., veltufjármunir 319 milljónir kr. og eignir alls 11,1 milljarður kr.

Þá fór Stefán yfir stöðu Sjúkrasjóðs og Orlofssjóð. Sjúkradagpeningar voru 946 millj. kr. árið 2016 og hækka um 5,8% milli ára en iðgjaldagreiðslur í sjóðinn jukust á móti um 14,6% milli ára. Alls var greiddur 1,6 milljarður kr. í sjúkrasjóðsíðgiold árið 2016 en 1.083 félagsmenn fengu greidda sjúkradagpeninga og meðalfjárhæð á mánuði var 305 þús. kr.

Iðgjöld í orlofssjóð VR voru 393 milljónir kr. og tekjur alls 503 milljónir kr. en gjöld samtals 383 milljónir kr. Hagnaður á orlofssjóði fyrir fjármagnsliði var 120 millj. samanborið við 71 millj. árið 2015 og hreinar tekjur orlofssjóðs voru 126 millj. samanborið við 83 millj. árið 2015.

Á árinu 2016 voru færðar 500 m.kr. úr félagssjóði í orlofssjóð til kaupa á orlofshúsum. Á þessu ári hafa verið keypt 10 ný orlofshús/íbúðir.

Loks fór Stefán yfir nokkar lykiltölur úr starfsemi VR 2016 og kom m.a. fram að fjöldi félagsmanna var 32.813 og hefur þeim fjölgað um 5,2% milli ára. Afgreiðslum og símtölum fer fækkandi þar sem ný vefsíða félagsins hefur komið mjög sterk inn en málum í kjaramáladeild hefur fjölgað um 3,9% og voru 1.608. Þá fer atvinnuleysi mjög minnkandi meðal félagsmanna og fækkaði atvinnulausum í félagini um 20,2% og var meðalfjöldi atvinnulausra 756 í VR á síðasta ári.

### Tillaga að framlagi í VR varasjóð

Stefán sagði að í ár væri lagt til að framlag í VR varasjóð væri 785 milljónir kr. auk 7.109.317 kr. sem væru aukaframlag vegna ársins 2015. Framlag alls vegna ársins 2015 hafi verið 550 milljónir kr. þannig að það sé nú 42,7% lækkun á milli ára. Skipting á framlagi er þannig:

Sjúkrasjóður 494 m.kr., (25,2% af iðgjöldum),  
Orlofssjóður 156 m.kr. (32,6% af iðgjöldum)  
Félagssjóður 135 m.kr. (11,9% af iðgjöldum)

Þá hafði Stefán lokið máli sínu og gaf fundarstjóri orðið laust.

Enginn kvað sér hljóðs og var þá borin upp til atkvæða eftirfarandi tillaga um framlag í VR varasjóð:

***"Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli þriðjudaginn 28. mars 2017, samþykkir að framlag í VR varasjóð verði samtals 785.000.000 kr. fyrir árið 2016 auk viðbótar framlags að upphæð 7.109.317 kr. vegna ársins 2015."***

Samþykkt samhljóða.

Þá voru reikningar félagsins bornir upp til atkvæða eins og Stefán hafði farið yfir og eins og þeir eru fram settir í árskýrslu félagsins sem lá á borðum fundarmanna.

Samþykkt samhljóða.

## **5. Sameining VR og Verslunarmannafélags Suðurlands**

Stefán Sveinbjörnsson tók til máls og sagði frá því að á síðasta ári hóf stjórn Verslunarmannafélags Suðurlands (VMS) að skoða möguleika þess að sameina félagið öðru félagi til að styrkja starf þess en mjög erfitt var orðið að halda uppi nógum öflugu starfi á landssvæði sem nær yfir rúmlega 20% af öllu flatarmáli Íslands. Samninganefnd félagsins hóf síðan könnunarviðræður við VR eftir að hafa skoðað málið gaumgæfilega og á aukaaðalfundi þriðjudaginn 15. nóvember 2016 var samþykkt sú tillaga stjórnar VMS að félagið myndi ganga til sameiningarviðræðna við VR. Þá var einnig samþykkt að þegar samningur lægi fyrir yrði hann afgreiddur í rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna VMS. Samingur um sameiningu var síðan undirritaður þann 30. desember 2016 með fyrirvara um félagslega afgreiðslu í báðum félögum.

Samningurinn gengur út frá því að sameining verði frá og með 1. febrúar 2017 en þá lækka félagsjöld þeirra rúmlega 800 félagsmanna úr 1% í 0,7% og fá félagsmenn inneign í VR varasjóði m.v. iðgjöld þrjú ár aftur í tímann.

Þessi samningur var svo samþykktur í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna VMS sem lauk þann 30 janúar sl. Á kjörskrá voru 867 manns og var samningurinn samþykktur með yfirgnæfandi meirihluta eða 85%.

Þá er ekki annað eftir en að afgreiða samninginn af hálfu okkar VR og því er hér lögð fram tillaga frá stjórn félagsins til samþykktar sem er svo hljóðandi:

***"Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli þriðjudaginn 28. mars 2017, samþykkir sameiningu VR og Verslunarmannafélags Suðurlands samkvæmt samningi sem undirritaður var af aðilum þann 30. desember 2016."***

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna.

Rannveig Sigurðardóttir kvað sér hljóðs og sagðist fagna þessu og að þetta myndi styrkja VR.

Fleiri tóku ekki til máls og var ofangreind tillaga þá borin upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

## 6. Lagabreytingar

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, formaður laganeftndar VR, tók nú til máls. Sagði hún að stjórn félagsins legði að þessu sinni fram tillögur að 10 lagabreytingum á lögum félagsins en tillögurnar hafa legið frammí útprentaðar á skrifstofum félagsins um land allt síðustu viku. Fór hún þá næst yfir hverja tillögu fyrir sig með skýringum en tillögurnar eru eftirfarandi:

### Tillaga nr. 1

#### Breyting á 1. gr. laga VR um starfssvæði

Núverandi hljóðan:

„1. gr. Heiti, starfssvæði

Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Áftaness, Kjósahrepps, Vestmannaeyja, Húnabings vestra, Akraness og nágrennis, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Fjarðabyggðar, Breiðdalshrepps og Djúpavogshrepps. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.“

Verði:

„1. gr. Heiti, starfssvæði

Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, Vestmannaeyja, Árnessýslu, Rangárvallarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Húnabings vestra, Akraness og nágrennis, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Fjarðabyggðar, Breiðdalshrepps og Djúpavogshrepps. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.“

## Tillaga nr. 2

### Breyting á 3. gr laga VR um félagsaðild

#### Núverandi hljóðan:

„3. gr. Félagsaðild

.....

Félagsmenn sem hætta störfum á vinnumarkaði vegna örorku geta verið áfram félagsmenn þó án þess að njóta kjörgengis í féluginu, gegn greiðslu félagsgjalds til VR hjá þeim lífeyrissjóðum sem bjóða milligöngu um að skila félagsgjöldum til stéttarfélaga. Skulu þeir hafa verið félagsmenn í VR óslitið í 5 ár áður en til örorku kom...“

#### Verði:

#### 3. gr. Félagsaðild

Félagsmenn sem hætta störfum á vinnumarkaði vegna örorku geta verið áfram félagsmenn þó án þess að njóta kjörgengis í féluginu, gegn greiðslu félagsgjalds til VR hjá þeim lífeyrissjóðum sem bjóða milligöngu um að skila félagsgjöldum til stéttarfélaga. Skulu þeir hafa verið félagsmenn í VR óslitið í 5 ár áður en til örorku kom og skal greiðsla félagsgjalda með þessum hætti hefjast eigi síðar en innan 12 mánaða frá fyrstu greiðslu örorkulífeyris.

## Tillaga nr. 3

### Breyting á 6. gr laga VR um úrsögn

#### Núverandi hljóðan:

„6. gr. Úrsögn

Úrsögn úr féluginu skal vera skrifleg og send skrifstofu félagsins. Enginn getur þó sagt sig úr féluginu, eftir að atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun hefur verið auglýst eða ákvörðun um vinnustöðvun hefur verið tekin af féluginu eða trúnaðarráði og þar til vinnustöðvuninni hefur verið formlega aflýst. Einnig er óheimilt að segja sig úr féluginu til þess að taka upp störf félagsmeðlima innan Landssambands íslenzkra verzlunarmanna og Alþýðusambands Íslands, er lagt hafa niður vinnu vegna vinnudeilu.“

**Verði (breyting rauft):**

**6. gr. laga VR - Úrsögn**

Úrsögn úr féluginu skal vera skrifleg og send skrifstofu félagsins. Enginn getur þó sagt sig úr féluginu, eftir að kröfugerð í vinnudeilu hefur verið vísað til ríkissáttasemjara og þar til samningar hafa náðst. Einnig er óheimilt að segja sig úr féluginu til þess að taka upp störf félagsmeðlima innan Landssambands íslenzkra verzlunarmanna og Alþýðusambands Íslands, er lagt hafa niður vinnu vegna vinnudeilu.

**Tillaga nr. 4**

**Breyting á 11. gr laga VR um hæfi stjórnarmanna**

**Núverandi hljóðan:**

„11. gr. Hæfi stjórnarmanna

.....

Missi stjórnarmaður kjörgengi sitt á kjörtímabili skal hann tafarlaust víkja úr stjórn VR..”

**Verði (breyting rauft):**

11. gr. Hæfi stjórnarmanna

.....

Missi stjórnarmaður kjörgengi sitt á kjörtímabili skal hann tafarlaust víkja úr stjórn VR. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins.

**Tillaga nr. 5**

**Breyting á 20. gr laga VR um kosningu í trúnaðarráð**

**Núverandi hljóðan:**

„20.2. Um kosningu í trúnaðarráð

Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn.“

**Verði (breyting rauft):**

## **20.2. Um kosningu í trúnaðarráð**

Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn. Missi trúnaðarráðsmaður hæfi til setu í ráðinu sbr. 3 mgr. 11. gr. á fyrsta ári kjörs hans, skal í næstu kosningu til trúnaðarráðs fjöldi fulltrúa á framboðslista vera aukinn umfram 41 sem nemur þeim fjölda sem misst hefur hæfi. Þeir sem bætast bannig við framboðslistann skulu þó aðeins vera í kjöri til eins árs.

**Tillaga nr. 6**

### **Breyting á 20. gr laga VR um lagabreytingar**

**Núverandi hljóðan:**

„20.3. Um framkvæmd kosninga

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna.“

**Verði:**

**20.3. Um framkvæmd kosninga**

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 1% félagsmanna.

## Tillaga nr. 7

### Breyting á 21. gr laga VR um kjör á þing LÍV og ASÍ

#### Núverandi hljóðan:

„21. gr. Kjör á þing LÍV og ársfund ASÍ

Um kosningu fulltrúa á þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna og ársfund Alþýðusambands Íslands er heimilt að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu og skal hún fara fram eftir reglugerð ASÍ þar um. Taka skal mið af 18. grein um kosningar eftir því sem við á.“

#### Verði:

### 21. gr. Kjör á þing LÍV og ársfund ASÍ

Um kosningu fulltrúa á þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna og ársfund Alþýðusambands Íslands er heimilt að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu og skal hún fara fram eftir reglugerð ASÍ þar um. Komi til allsherjaratkvæðagreiðslu um lista fulltrúa þarf samþykki allra þeirra sem á listanum eru að liggja fyrir. Til að listi sem borinn er fram gegn lista stjórnar og trúnaðarráðs VR sé löglega fram borinn þarf hann skrifleg meðmæli 1% félagsmanna. Taka skal mið af 18. grein um kosningar eftir því sem við á.

## Tillaga nr. 8

### Breyting á 23. gr laga VR um aðalfundi

#### Núverandi hljóðan:

„23. gr. Aðalfundir

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram. Skal hann boðaður með auglýsingi í útvartpi og/eða dagblöðum með 10 daga fyrirvara. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins..“

### **Verði (breyting rauft):**

#### **23. gr. Aðalfundir**

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram. Skal hann boðaður með auglýsingu í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með 10 daga fyrirvara. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

#### **Tillaga nr. 9**

#### **Breyting á 25. gr laga VR um félagsfundi**

#### **Núverandi hljóðan:**

„25. gr. Félagsfundir

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skylt að boða til fundar, þegar eigi færri en 200 félagsmenn krefjast þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan 7 daga frá því að stjórninni barst krafan í hendur. Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í dagblöðum og helstu netmiðlum með minnst tveggja daga fyrirvara.,“

#### **Verði:**

25. gr. Félagsfundir

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skylt að boða til fundar, þegar eigi færri en 1% félagsmanna krefjast þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan 7 daga frá því að stjórninni barst krafan í hendur. Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingu í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með minnst tveggja daga fyrirvara.

## Tillaga nr. 10

### Breyting á 28. gr laga VR um lagabreytingar

#### Núverandi hljóðan:

„28. gr. Lagabreytingar

Lögum þessum verður eigi breytt nema á lögmætum aðalfundi. Heimilt er þó á aðalfundi eða framhaldsaðalfundi að vísa lagabreytingum til allsherjaratkvæðagreiðslu.

.....

Tillögum um lagabreytingar skal skilað til félagsstjórnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Allar lagabreytingatillögur skulu liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins í 7 daga fyrir aðalfund.

.....

#### Verði:

28. gr. Lagabreytingar

Lögum þessum verður eigi breytt nema á lögmætum aðalfundi. Heimilt er þó á aðalfundi eða framhaldsaðalfundi að vísa lagabreytingum til allsherjaratkvæðagreiðslu.

.....

Tillögum um lagabreytingar skal skilað til félagsstjórnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Á aðalfundi er eingöngu heimilt að gera breytingartillögur við þær lagabreytingar sem lagðar hafa verið fyrir félagsstjórn með þessum hætti. Aðrar breytingatillögur verða ekki teknar fyrir. Allar lagabreytingatillögur skulu liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins í 7 daga fyrir aðalfund.

.....

Að þessu loknu gaf fundarstjóri orðið laust um tillögurnar allar.

Guðmundur Kr. kvað sér hljóðs og ræddi tillögu nr. 2 – fannst honum 12 mánuðir of knappur tími og hefði hann frekar haft tímabilið 3 – 5 ár.

Enginn annar tók til máls um þessar tillögur og bar fundarstjóri þær upp til atkvæða hverja fyrir sig og þar sem tillaga sneri aðeins að hluta af lagagrein bar hann fyrst upp breytinguna og síðan greinina í heild sinni með samþykkti breytingu.

Allar tillögurnar voru samþykktar samhljóða nema tillaga nr. 2 sem samþykkt var með einu móttatkvæði.

Að þessu loknu bar fundarstjóri upp lög VR í heild sinni með þessum breytingum sem nú voru samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Lög VR í heild sinni eru því svo hljóðandi eftir breytingu:

## Lög VR

### 1. gr. Heiti, starfssvæði

Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, Vestmannaeyja, Árnessýslu, Rangárvallarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Húnabings vestra, Akraness og nágrennis, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Fjarðabyggðar, Breiðdalshrepps og Djúpavogshrepps. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins er að efla og styðja hag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks á félagssvæðinu með því að vinna að framgangi allra þeirra mála, er verða mega til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara launafólks í landinu.

Félagið gerir kjarasamninga fyrir félagsmenn sína og kemur fram fyrir þeirra hönd gagnvart stjórnvöldum og öðrum, að því er varðar hagsmuni félagsmanna.

### 3. gr. Félagsaðild

Félagið er opið öllu verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólki.

Félagar geta þeir orðið sem starfa á starfssviði félagsins sem launamenn eða eru sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði.

Félagsmenn sem missa starf sitt á vinnumarkaði geta áfram verið félagsmenn, gegn greiðslu félagsgjalds af greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem sjóðurinn hefur milligöngu um að skila til VR. Hafi þeir ekki verið félagar í VR við upphaf atvinnuleysisbótgreiðslna skulu þeir hafa greitt félagsgjald til VR að lágmarki í 36 mánuði á síðustu 5 árum fyrir umsókn atvinnuleysisbóta.

Félagsmenn sem hækta störfum á vinnumarkaði vegna örorku geta verið áfram félagsmenn þó án þess að njóta kjörgengis í félaginu, gegn greiðslu félagsgjalds til VR hjá þeim lífeyrissjóðum sem bjóða milligöngu um að skila félagsgjöldum til stéttarfélaga. Skulu þeir hafa verið félagsmenn í VR óslitið í 5 ár áður en til örorku kom og skal greiðsla félagsgjalda með þessum hætti hefjast eigi síðar en innan 12 mánaða frá fyrstu greiðslu örorkulífeyris.

Eldri félagsmenn sem fá greiddan ellilífeyri og sem verið hafa í félaginu a.m.k. 5 ár fyrir töku eftirlauna, við 67 ára aldur, teljast áfram félagsmenn í VR en njóta ekki kjörgengis. Þeir félagsmenn sem kjósa að hefja töku eftirlauna við 65 ára aldur geta viðhaldið réttindum með því að greiða félagsgjald af ellilífeyrisgreiðslum, hjá þeim lífeyrissjóðum sem bjóða

milligöngu um að skila félagsgjöldum til stéttarfélaga, til 67 ára aldurs. Þeir skulu hafa verið í félaginu a.m.k. samfellt í 5 ár fyrir töku eftirlauna.

Réttindi sem fylgja aðild samkvæmt öllu ofangreindu eru háð nánari reglum einstakra sjóða VR.

Þeir sem hverfa frá störfum um stundarsakir vegna náms eða veikinda geta nýtt sér áunninn rétt við inngöngu að nýju skv. nánari reglum félagins.

Fullgildur félagsmaður getur sá orðið sem:

- Náð hefur 16 ára að aldri.
- Er skuldlaus við félagið eða önnur stéttarfélög.
- Er greiðandi og hefur greitt lágmarksfélagsgjald á undangengnum 12 mánuðum sbr. 9. gr., þó með þeim undantekningum sem kveðið er á um í lögum þessum og staðfest hefur aðild sína að félaginu skv. nánari ákvæðum laga þessara.

Unglingar geta orðið félagsmenn þó þeir hafi ekki náð 16 ára aldri en njóta þó ekki kjörgengis í félaginu. Sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði geta orðið félagsmenn með takmörkuðum réttindum skv. reglum einstakra sjóða auk þess sem þeir njóta ekki kjörgengis í félaginu.

Sjálfstætt starfandi telst sá sem ber að áætla sér reiknað endurgjald samkvæmt ákvörðun skattayfirvalda, auk þeirra sem skráðir eru sem launamenn hjá eigin fyrtærki, enda hafa þeir þannig ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Þar sem sjálfstætt starfandi, og/eða fjölskyldumeðlimur rekstraraðila, teljast hafa ráðandi stöðu skulu iðgjöld þeirra ávallt vera greidd og í skilum ef sækja á þjónustu til VR eða réttindi í sjóðum félagsins.

#### 4. gr. Innganga í félagið

Umsækjendur um félagsaðild skulu óska aðildar að félaginu með inntökubeiðnum eða með skilum á gjöldum til félagsins. Aðild nýrra félagsmanna að félaginu skal staðfest af skrifstofu félagsins árlega og skal félagið senda viðkomandi tilkynningu um staðfestingu á inngöngu í félagið. Geri hann ekki athugasemdir um aðild innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar telst hann orðinn félagsmaður. Ekki er þörf sérstakrar staðfestingar ef viðkomandi hefur áður greitt til félagsins.

Um iðgjöld þeirra sem ekki kjósa að gerast félagsmenn, gilda ákvæði kjarasamninga félagsins á hverjum tíma. Sé vafi um rétt til aðildar skal stjórn úrskurða um málið. Unnt er að skjóta þeirri ákvörðun til úrskurðar trúnaðarráðs. Nýjum félögum og sjálfstætt starfandi sem óska aðildar að félaginu er skylt að veita upplýsingar um starfssvið, áætlaðar tekjur og gögn frá opinberum aðilum til staðfestingar á tekjum sé þess óskað.

#### 5. gr. Réttindi og skyldur

Réttindi félagsmanna eru:

- Málfrelsi, tillögu- og atkvæðaréttur á fundum félagsins. Atkvæðisréttur um kjarasamninga félagsins er bundinn þeim sem starfa samkvæmt þeim kjarasamningi sem kosið er um hverju sinni.

- Allir fullgildir félagar hafa kjörgengi til trúnaðarstarfa innan félagsins, þó með þeim undantekningum sem getið er um í 3.gr.
- Réttur til styrkja og greiðslna úr sjóðum félagsins í samræmi við reglur þeirra.
- Réttur til að vinna þau störf sem kjarasamningar taka til.
- Réttur til afnota af sameiginlegum eignum eftir nánari reglugerðum og reglum félagsins s.s. orlofshúsum, tjaldvögnum o.fl.
- Réttur til aðstoðar félagsins við vanefndir atvinnurekanda á starfskjörum.

Skyldur félagsmanna eru:

- Að hlíta lögum félagsins, fundarsköpum, fundarsamþykktum og halda í einu og öllu samninga sem félagið hefur gert.
- Að greiða félagsgjald

## 6. gr. Úrsögn

Úrsögn úr féluginu skal vera skrifleg og send skrifstofu félagsins. Enginn getur þó sagt sig úr féluginu, eftir að kröfugerð í vinnudeilu hefur verið vísað til ríkissáttasemjara og þar til samningar hafa náðst. Einnig er óheimilt að segja sig úr féluginu til þess að taka upp störf félagsmeðlima innan Landssambands íslenzkra verzlunarmanna og Alþýðusambands Íslands, er lagt hafa niður vinnu vegna vinnudeilu.

Fella skal burt af félagaskrá hvern þann félagsmann, er hverfur sem launamaður frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum eða tekur að stunda atvinnu, er fellur undir starfssvið annarra stéttarfélaga.

## 7. gr. Brottvikning

Stjórн félagsins getur vikið úr féluginu hverjum þeim, sem að hennar álíti brýtur lög félagsins, samninga þess við vinnuveitendur eða vinnur gegn hagsmunum þess. Ákvörðun stjórnar er heimilt að vísa til úrskurðar trúnaðarráðs. Til samþykkis slíkrar brottvikningar þarf 2/3 greiddra atkvæða, hvort sem er á trúnaðarráðsfundi eða stjórnarfundi. Brottvikningu skal ekki beitt nema sakir séu miklar eða brot sem áminnt hefur verið fyrir, verið ítrekað. Áður en til brottvikningar kemur skal félagsmanni gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri við stjórn.

## 8. gr. Heiðursfélagar - gullmerki

Stjórн félagsins er heimilt að velja heiðursfélaga og sæma menn gullmerki félagsins. Heiðursfélagar eru undanskildir félagsgjaldi.

## 9. gr. Félagsgjöld

Aðalfundur ákveður félagsgjaldið hverju sinni. Þó er heimilt að innheimta félagsgjaldið sem hundraðshluta af launum af sama grunni og iðgjald til Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og kveða á um lágmarksfélagsgjald.

## 10. gr. Stjórn

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og 3 til vara. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir 7 í einu til tveggja ára og ganga árlega 7 úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til eins árs í senn. Hverfi stjórnarmaður frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum, eða tekur að stunda atvinnu, sem fellur undir starfssvið annarra stéttarfélaga, skal kjósamann í hans stað við fyrsta stjórarkjör á eftir. Stjórnin kýs sér varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum.

## 11. gr. Hæfi stjórnarmanna

Stjórnarmenn skv. 10 gr. og ef við á, stjórnarmenn sjóða skv. 3. mgr. 26. gr. skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í fyrirtæki sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn þeirra sæti í þeirra stað þar til hæfisskilyrðum er fulinægt að nýju. Frambjóðendur til stjórnar VR skulu og uppfylla ofangreind skilyrði við lok framboðsfrests sbr. gr. 20.3.

Sé ágreiningur um hæfi skal kjörstjórn úrskurða um það.

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

Missi stjórnarmaður kjörgengi sitt á kjörtímabili skal hann tafarlaust víkja úr stjórn VR. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins.

## 12. gr. Störf stjórnar

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda.

Stjórn skal vinna að stefnumótun fyrir félagið og vinna að framgangi þeirra mála sem félagið hefur sett sér að vinna að.

Stjórn skal sjá um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi og í samræmi við lög félagsins.

Stjórn ber ábyrgð á fjárrleiðum og eignum félagsins og tekur allar meiriháttar ákvarðanir er snúa að fjármálum. Hún skal sjá svo um að fjármál séu jafnan í góðu horfi svo sem bókhald og meðferð fjármuna.

Stjórn fylgist með störfum deilda eða starfsgreina sem starfræktar eru eða kunna að verða.

Stjórn hefur að öðru leyti vakandi áhuga fyrir því, er féluginu má verða til heilla.

Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins. Heimilt er að ráða formann félagsins sem framkvæmdastjóra þess. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn og semur um kjör þeirra. Launaneftnd gerir tillögu að launum og starfskjörum formanns og framkvæmdastjóra sem síðan þarf samþykki stjórnar VR.

## 13. gr. Stjórnarfundir

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og skal það, er á fundunum gerist skráð í sérstaka gerðarbók. Fundur er lögmætur þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund.

Formaður sér um að boða til funda og stjórnar þeim. Formaður sér um að gerðarbók sé rituð og hún varðveitt með öruggum hætti.

Varaformaður gegnir skyldum formanns í forföllum hans.

Halda skal fund ef a.m.k. 4 stjórnarmenn krefjast þess. Afl atkvæða ræður úrslitum um afgreiðslu mála.

#### **14. gr. Trúnaðarráð**

Í féluginu skal starfa trúnaðarráð sem skal vera stjórn félagsins ráðgefandi varðandi ýmis stærri málefni sem upp koma í starfsemi félagsins s.s. við gerð kjarasamninga og meiriháttar framkvæmda á vegum félagsins. Auk þess skal trúnaðarráð gera annað það sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til tveggja ára í senn. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k. 4 sinnum á ári og eftir því sem þurfa þykir.

#### **15. gr. Deildir**

Stjórn félagsins er heimilt að starfrækja deildir innan félagsins eftir starfsgreinum/atvinnugreinum þess og landssvæðum. Hlutverk deildar er meðal annars að vinna að sameiginlegum hagsmunum starfsmanna í starfsgreinum/atvinnugreinum og landssvæðum, stuðla að fræðslu þeirra og fjalla um kjaramál fyrir starfsgreinarnar/ atvinnugreinarinnar og landssvæðin. Stjórn deildar er kosin á deildarfundi. Stjórn deildar er skipuð að lágmarki 3 mönnum, sem skipta með sér verkum, varamenn skulu vera jafnmargir. Kjörtímabil stjórnar er 2 ár. Stjórn deildarinnar getur fengið fjármuni, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins, til ráðstöfunar til fræðslu- og menningarmála innan starfsgreinarinnar. Deild skal setja sér starfsreglur sem stjórn félagsins staðfestir.

#### **16. gr. Trúnaðarmenn**

Formaður, fyrir hönd stjórnar félagsins, staðfestir val á trúnaðarmönnum á vinnustöðum og fullgildir skipun þeirra með erindisbréfi, sem þeir starfa eftir.

Trúnaðarmenn skulu hafa eftirlit með að lögum félagins, samþykktum og samningum sé hlýtt.

Trúnaðarmenn eru tengiliðir starfsmanna á viðkomandi vinnustað við stjórn og starfsmenn félagins. Að öðru leyti fer um starfsemi, réttindi og skyldur trúnaðarmanna að lögum og kjarasamningi félagsins.

#### **17. gr. Samninganefnd**

Samninganefnd skal vera starfandi í féluginu. Samninganefnd kemur fram fyrir hönd félagsins við gerð kjarasamninga. Stjórn félagsins er jafnframt samninganefnd þess. Stjórn er heimilt að kalla fleiri félagsmenn til setu í samninganefnd eftir því sem þurfa þykir. Við gerð sérkjarasamninga, vinnustaða- eða fyrtækjasamninga er samninganefnd heimilt að skipa minni samninganefnd.

Kröfugerð við gerð aðalkjarasamninga skal borin upp í trúnaðarráði til samþykktar áður en hún er lögð fram við samningagerð.

## 18. gr. Allsherjarkvæðagreiðsla

Allsherjarkvæðagreiðslu skal viðhafa:

- 1.Um kosningu stjórnar og trúnaðarráðs.
- 2.Um vinnustöðvun. Nú er vinnustöðvun einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað og er þá heimilt að taka ákvörðun um vinnustöðvun með atkvæðum þeirra sem henni er ætlað að taka til.
- 3.Um miðlunartillögu ríkissáttasemjara eftir því sem við á.
- 4.Þegar trúnaðarráð eða lögmætur félagsfundur samþykkir að viðhafa allsherjarkvæðagreiðslu í félagini.

Við allsherjarkvæðagreiðslu skal viðhafa almenna leynilega atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna samkvæmt reglum ASÍ nema sérstakar aðstæður hamli.

## 19. gr. Kjörstjórn

Kjörstjórn skal skipuð þremur mönnum við kosningar í félagini. Tveimur tilnefndum af stjórn félagsins og einum tilnefndum af Landssambandi Íslenskra verzlunarmanna eða Alþýousambandi Íslands. Tilnefna skal jafnmarga til vara. Kjörstjórn sér alfarið um framkvæmd kosninga samkvæmt reglugerð ASÍ.

## 20. gr. Kosning formanns, stjórnar og trúnaðarráðs

### 20.1. Um kosningu formanns og stjórnar

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Árlega skulu 7 stjórnarmenn kosni til tveggja ára og 3 varamenn til eins árs í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarmenn sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

### 20.2. Um kosningu í trúnaðarráð

Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn. Missi trúnaðarráðsmaður hæfi til setu í ráðinu sbr. 3 mgr. 11. gr. á fyrsta ári kjörs hans, skal í næstu kosningu til trúnaðarráðs fjöldi fulltrúa á framboðslista vera aukinn umfram 41 sem nemur þeim fjölda sem misst hefur hæfi. Þeir sem bætast þannig við framboðslistann skulu þó aðeins vera í kjöri til eins árs.

Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráð er skyld að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins.

Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillinganeftnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal Uppstillinganeftnd gera tillögu um fulltrúa til setu á listanum sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar.

Hafi fleiri gefið kost á sér en sætin sem skipa á skal listinn borinn upp í trúnaðarráði til samþykktar. Sá sem gefið hefur kost á sér en ekki fengið sæti á listanum getur krafist þess að kosið verði um frambjóðendur á fundi trúnaðarráðs.

### **20.3. Um framkvæmd kosninga**

Kjörstjórn úrskurðar um lögmæti framboða.

Kjörstjórn sér um og tekur ákvarðanir um framkvæmd kosninga. Ákvarðanir kjörstjórnar eru endanlegar.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti ein vika.

Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns.

Við framboð lista til trúnaðarráðs skal liggja fyrir skriflegt samþykki allra þeirra sem á listanum eru.

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 1% félagsmanna.

Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum. Kjörstjórn úrskurðar um hæfi og kjörgengi allra frambjóðenda og auglýsir að því loknu upphaf atkvæðagreiðslu sbr. reglugerð ASÍ um leynilega allsherjaratkvæðagreiðslu. Úrskurðir kjörstjórnar eru endanlegir.

Kosning skal fara fram innan 6 vikna frá því að framboðsfrestur rennur út.

Kosningum til trúnaðarstarfa í félagini skal lokið eigi síðar en 15 mars ár hvert.

Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf kjördags. Frambjóðendur í listakosningu geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.

Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Þá skal haldinn kynningafundur, einn eða fleiri, meðal félagsmanna með frambjóðendum fyrir upphaf kjördags. Um framkvæmd og undirbúning kosninga fer að öðru leyti eftir reglugerð ASÍ um leynilegar atkvæðagreiðslur.

### **20.4. Um kjörseðla og röðun á lista**

Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrófsröð og kjósendar merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu

kyninu o.s.frv. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.

Við kosningu til trúnaðarráðs:

Séu fleiri listar en listi stjórnar og trúnaðarráðs skal merkja listana með bókstaf hvern fyrir sig í þeirri röð sem þeir berast. Nöfnum á hverjum lista skal raðað í stafrófsröð. Sé á fundi trúnaðarráðs kosið milli einstaklinga sem skipa skulu listann sbr. 5.mgr. 20.gr. 2, skal nöfnum raðað á kjörseðil í stafrófsröð.

## **21. gr. Kjör á þing LÍV og ársfund ASÍ**

Um kosningu fulltrúa á þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna og ársfund Alþýðusambands Íslands er heimilt að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu og skal hún fara fram eftir reglugerð ASÍ þar um. Komi til allsherjaratkvæðagreiðslu um lista fulltrúa þarf samþykki allra þeirra sem á listanum eru að liggja fyrir. Til að listi sem borinn er fram gegn lista stjórnar og trúnaðarráðs VR sé löglega fram borinn þarf hann skrifleg meðmæli 1% félagsmanna. Taka skal mið af 18. grein um kosningar eftir því sem við á.

## **22. gr. Jafnræði**

Við val á félagsmönnum til trúnaðarstarfa fyrir félagið skal gætt jafnræðis milli kynja og milli starfsgreina.

## **23. gr. Aðalfundir**

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram. Skal hann boðaður með auglýsingi í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með 10 daga fyrirvara. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

## **24. gr. Dagskrá aðalfundar**

Dagskrá aðalfundar skal vera þannig:

- 1.Kosinn fundarstjóri.
- 2.Kosinn ritari.
- 3.Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins undanfarið starfsá.
- 4.Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar.
- 5.Lagabreytingar og reglugerðarbreytingar, ef tillögur liggja fyrir.
- 6.Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs.
- 7.Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu og tveggja félagslega kjörinna skoðunarmanna.
- 8.Ákvörðun félagsgjalds.
- 9.Ákvörðun um laun stjórnarmanna.
- 10.Önnur mál.

## 25. gr. Félagsfundir

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skyt að boða til fundar, þegar eigi færri en 1% félagsmanna krefjast þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan 7 daga frá því að stjórninni barst krafan í hendur. Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingu í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með minnst tveggja daga fyrirvara. Heimilt er að boða fund með skemmri fyrirvara vegna sérstakra ástæðna, svo sem samningagerðar eða annars samkvæmt mati stjórnarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema þar sem lög þessi ákveða annað. Gjörðabók skal haldin og í hana ritað ágrip af því sem fram fer á fundum félagsins.

Lögmætur félagsfundir hafa æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli aðalfunda innan þeirra takmarka, sem lögjin setja.

## 26. gr. Sjóðir

Félagið rekur:

Félagssjóð, Sjúkrasjóð, Orlofssjóð, Varasjóð og Vinnudeilusjóð.

Í reglugerð sjóðanna skal tilgreina hlutverk, tekjur, hvernig greiðslum úr sjóðnum er háttað og annað það er viðkemur rekstri sjóðanna.

Stjórn VR er stjórn sjóðanna en heimilt er að skipa sérstaka stjórn um hvern sjóð fyrir sig.

Sjóðir félagsins skulu ávaxtaðir með eftifarandi hætti:

- í ríkisskuldabréfum, í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs,
- með kaupum á markaðsskráðum verðbréfum,
- á banka- eða sparisjóðsreikningum,
- í fasteignum tengdum starfsemi og markmiðum sjóðanna,
- á annan þann hátt er stjórn og trúnaðarráð meta tryggan.

## 27. gr. Reikningar

Stjórn félagsins leggur fram reikninga sem skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og áritaðir af honum og skoðunarmönnum félagsins. Skulu þeir liggja þannig frammi á skrifstofu félagsins og heimasíðu félagsins, félagsmönnum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund.

## 28. gr. Lagabreytingar

Lögum þessum verður eigi breytt nema á lögmætum aðalfundi. Heimilt er þó á aðalfundi eða framhaldsaðalfundi að vísa lagabreytingum til allsherjaratkvæðagreiðslu.

Í fundarboði skal þess getið að lagabreytingar séu á dagskrá.

Lagabreytingatillögur stjórnar skulu kynntar í trúnaðarráði.

Tillögum um lagabreytingar skal skilað til félagsstjórnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Á aðalfundi er eingöngu heimilt að gera breytingatillögur við þær lagabreytingar

sem lagðar hafa verið fyrir félagsstjórn með þessum hætti. Aðrar breytingatillögur verða ekki teknaðar fyrir.

Allar lagabreytingatillögur skulu liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins í 7 daga fyrir aðalfund.

Til lagabreytinga þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Breytingar á lögunum koma þá fyrst til framkvæmda er miðstjórn Alþýðusambands Íslands og stjórn Landssambands íslenzkra verzlunarmanna hafa staðfest þær.

## 29. gr. Slit félagsins

Félaginu verður ekki slitið nema 3/4 allra félagsmanna samþykki það og þessari ákvörðun verður ekki breytt með tilvitnun til ákvæðis 28. gr.

(Lög VR, samþykkt á aðalfundi VR 28. febrúar 1955 með áorðnum breytingum 19. febrúar 1958, 23. febrúar 1959, 10. febrúar 1965, 17. janúar 1967, 25. janúar 1969, 2. júní 1975, 11. febrúar 1976, 21. mars 1978, 18. mars 1991, 25. mars 2002, 14. mars 2005, 24. apríl 2006, 31. mars 2008, 2. apríl 2009, 11. janúar 2011, 27. apríl 2011, 10. apríl 2012, 26. mars 2014, 25. mars 2015 og 28. mars 2017).

Fundarstjóri sagði að næst væri á dagskrá að lýsa kjöri stjórnar og trúnaðarráðs og vildi hann nota tækifærni til þess að þakka víkjandi formanni sem nú láti af störfum, Ólafíu B. Rafnsdóttur, fyrir hennar miklu og góðu störf fyrir félagið og bað hann fundargesti um að taka undir orð sín sem fundarmenn gerðu með því að rísa úr sætum með dynjandi lófataki.

Að því búnu vék Ólafía af fundi.

## 7. Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs

Fundarstjóri sagði frá því að í nýliðnum kosningum sem lauk þann 15. mars sl. hefði nýr formaður verið kosinn, Ragnar Þór Ingólfsson, og bauð hann honum nú að taka sæti við pallborð. Var Ragnari Þór fagnað með miklu lófataki fundarmanna.

Fundarstjóri las þá upp og lýsti kjöri eftirtalinna aðila:

### Formaður VR - til tveggja ára

Ragnar Þór Ingólfsson

**Sjö stjórnarmenn – til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR.**

Ólafur Reimar Gunnarsson

Harpa Sævars Þórssdóttir

Birgir Már Guðmundsson

Guðrún Björg Gunnarsdóttir

Unnur María Pálmadóttir

Helga Ingólfssdóttir

Elisabeth Courtney

### Þrír varamenn í stjórn VR – til eins árs

Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Rannveig Sigurðardóttir

### 41 kosinn listakosningu til trúnaðarráðs

Nafn	Vinnustaður
Anna Þórðardóttir Bachmann	Hreint ehf.
Árni Leósson	VR
Áslaug Alexandersdóttir	Byko ehf.
Birgitta Ragnarsdóttir	Hood ehf.
Björgvin Ingason	Teitur Jónasson ehf.
Björn Axel Jónsson	Hagkaup
Brynjar Smári Hermannsson	Nordic Visitor hf.
Dagný Ágústsdóttir	Nordic Visitor hf.
Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir	Hagkaup
Guðmundur J. Jónsson	Borgun hf.
Guðrún Jóna Valgeirs dóttir	Icepharma hf.
Halldóra M. Steinarsdóttir	Byko ehf.
Helga Björk Pálsdóttir	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Hjörðís Jónsdóttir	Samband íslenskra námsmanna erl.
Ingimar Þorsteinsson	Marel Iceland ehf.
Íris Arna Geirdóttir	Reykjafell hf.
Jóhann Már Sigurbjörnsson	Bændasamtök Íslands
Jón Guðmundur Björgvinsson	Nýherji hf.
Jón Hrafn Guðjónsson	Flügger ehf.
Kjartan Másson	Ísaga ehf.
Kristinn Örn Jóhannesson	Guðmundur Jónasson ehf.
Nína Kristbjörg Hjaltadóttir	Íslensk erfðagreining ehf.
Óskar Guðmundsson	Samskip hf.
Páll Örn Líndal	N1 hf.
Ragnar Orri Benediktsson	Ríkisútvarpið ohf.
Selma Kristjánsdóttir	VR
Sesselja Jónsdóttir	Forlagið ehf.

Sigrún Guðmundsdóttir	Miklatorg hf.
Sigurbjörg Þorláksdóttir	Bókhald og þjónusta ehf
Soffía Óladóttir	Egilsson ehf.
Stefán Árni Stefánsson	Advania ehf.
Stefán Viðar Egilsson	Byko ehf.
Steinar Viktorsson	Byko ehf.
Steinunn Böðvarsdóttir	VR
Steinþór Ásgeirsson	Kortabjónustan hf.
Sveinbjörn F. Pétursson	Ormsson ehf.
Valva Árnadóttir	Penninn ehf.
Þorsteinn Þórólfsson	Húsasmiðjan ehf.
Þóra Kristín Halldórsdóttir	DHL Express Iceland ehf.
Þróstur Ríkarðsson	Ásbjörn Ólafsson ehf.

Allir þeir aðilar sem hér eru upptaldir eru þá rétt kjörnir sem formaður, stjórnarmenn og trúnaðaráðsmenn hjá VR.

#### **8. Kosning endurskoðunarstofu og tveggja félagslega kjörinna skoðunarmanna**

Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir tillögu um endurskoðunarstofu. Við höfum nú haft endurskoðunarstofuna Deloitte um margra ára skeið og tímabært að skipta um stofu. Því var gerð verðkönnun meðal tilbærra aðila og fengum góðan ráðgjafa til liðs við okkur við úrvinnslu þess. Hagstæðasta tilboðið kom frá endurskoðunarstofunni KPMG og er því lögð fram eftirfarandi tillaga til samþykkta:

***“Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli þriðjudaginn 28. mars 2017, samþykkir að endurskoðunarskrifstofan KPMG hf. sjái um endurskoðun félagsins fyrir reiknisárið 2017.”***

Eftir að hafa lesið upp tillöguna gaf fundarstjóri orðið laust.

Enginn kvað sér hljóðs og bar fundarstjóri þá tillöguna upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

Þá las fundarstjóri upp tillögu um two félagslega kjörna skoðunarmenn sem var svo hljóðandi:

***“Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli þriðjudaginn 28. mars 2017, samþykkir að skoðunarmenn VR, sbr. 27. gr. laga VR, verði Benedikt Vilhjálmsson og Jóhanna S. Rúnarsdóttir.”***

Eftir að hafa lesið upp tillöguna gaf fundarstjóri orðið laust.  
Enginn kvað sér hljóðs og bar fundarstjóri þá tillöguna upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

### 9. Ákvörðun félagsgjalds

Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri VR fór nú yfir tillögu um félagsjald en hann sagði að sú breyting verði á að nú fari hluti félagsgjalds í vinnudeilusjóð þannig að 0,6% sé í félagssjóð en 0,1% í vinnudeilusjóð. Í Vinnudeilusjóði sé nú upphæð sem sé 113 þús.kr. fyrir hvern félagsmann en ef þessi tillaga verði samþykkt komi inngreiðsla uppá 165 milljónir kr. í sjóðinn. Sjóðurinn verður að vera sterkur svo hótun um verkfall væri ekki bitlaust vopn.

Tillagan var þá lesin upp og er eftirfarandi:

***“Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli þriðjudaginn 28. mars 2017, samþykkir að félagsjald verði óbreytt, 0,7% af heildaraunum, og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunaraunum 20 ára afgreiðslufolks frá og með sama tíma. Félagsgjaldið skiptist þannig að 0,6% renna í félagssjóð VR og 0,1% renni í Vinnudeilusjóð VR.”***

Eftir að hafa lesið upp tillöguna gaf fundarstjóri orðið laust.

Jóhanna S. Rúnarsdóttir spurði hvort að þessi ákvörðun, ef samþykkt yrði, gildi bara fram að næsta aðalfundi?

Stefán svaraði því með já.

Enginn annar tók til máls og bar fundarstjóri þá tillöguna upp til atkvæða.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema einn sem var á móti.

### 10. Ákvörðun um laun stjórnarmanna

Bjarni Þór Sigurðsson varaformaður VR, og sem sæti á í launanefnd VR, tók til máls og sagði að sú tillaga sem hér lægi fyrir fundi væri í samræmi við þá tillögu sem samþykkt var um tilhögun stjórnarlauna á síðasta aðalfundi. Þannig sé lagt til að laun hækki úr 43.669 kr. í 47.118 kr. í samræmi við hækkun á launavísitölu VR milli tímabila. Annað sé óbreytt.

Var tillagan nú lesin upp og er eftirfarandi:

***“Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli þriðjudaginn 28. mars 2017, samþykkir að stjórnarlaun hækki úr 43.669 kr. á mánuði í 47.118 kr. á mánuði. Fyrsti varamaður fái sömu stjórnarlaun og aðalmenn í stjórn VR, aðrir varamenn fái 23.560 kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund, en þó aldrei meira en laun sem aðalmaður fengi. Lagt er til að formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, formaður stjórnar Orlofssjóðs VR og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun á mánuði.”***

Að upplestri loknum gaf fundarstjóri orðið laust um tillöguna.  
Enginn kvað sér hljóðs og var tillagan þá borin upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

## 11. Önnur mál

- a. **Gyða Einarsdóttir** tók til máls og sagðist ósátt við varasjóð VR. Hærri upphæðir væri hægt að sækja hjá öðrum stéttarfélögum.
- b. **Gils Einarsson** ræddi samþykktu sameiningu VR og VSM. Sagði hann þetta farsælan endi á löngu ferli og er hann bjartsýnn á að þetta verði til góðs.
- c. **Pórey Anna Matthíasdóttir** ræddi mál lifeyrissjóða og mál H.B. Granda. Sjóðirnir eiga í útgerðinni og hún hvetur þá til samfélagslegrar ábyrgðar.
- d. **Guðmundur Ingi Kristinsson** ræddi persónuafslátt og afhverju hann hafi ekki fylgt launaþróun og afhverju verkalýðshreyfingin geri ekkert í málinu.
- e. **Stefán Sveinbjörnsson** svaraði nú vangaveltum Gyðu um varasjóð og sagði að þessi ábending komi oft fram sem sé gott og gilt en að staðreyndin væri sú að verið væri að greiða mun hærri upphæðir í heildina út til félagsmanna heldur en þegar eldra kerfið var á. En þessi mál væru í sífelldri skoðun hjá stjórn.

Þá sagði hann ábendingu Guðmundar Inga um persónuafslátt góða. Afslátturinn er þó amk núna tengdur við verðlag en áður voru hækkanir hans á borði stjórnvalda á hverjum tíma og náði hann þá ekki einu sinni að fylgja verðlagi.

- f. **Valva Árnadóttir** ræddi launavísitöluna – misvægi sé milli launa og verðlags – eigum að gera gagnskör að því að breyta svo laun hækki í samræmi við vísitölu.
- g. **Rannveig Sigurðardóttir** ræddi áfram málefni varasjóðs. Við viljum styrkja allt en sannleikurinn er saá að skattyfirvöld taka skatt af nánast öllu.
- h. **Ólafur Reimar Gunnarsson** óskaði Ragnari Þór til hamingju með formannsembættið og þakkaði einnig fyrir eigin kosningu í stjórn félagsins og hlakkar hann til starfsins sem framundan er.

Ræddi hann einnig nýja stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna þar sem hann situr. Þar sé nú unnið að miklum umbreytingum m.a. til að sjóðurinn starfi meira með hliðsjón af samfélagslegri ábyrgð.

- i. **Stefán Árni Stefánsson** ræddi orlofshús VR og sprýr afhverju þau séu svona dýr?

Þá stakk hann uppá því að ef greiðslur úr varasjóði yrðu skilgreindar sem endurgreiðslur fremur en styrkir eins og gert væri hjá öðrum stéttarfélögum væri möguleiki á því að sleppa skattgreiðslum.

- j. **Helga Ingólfssdóttir** þakkaði fyrir kjör sitt í stjórn VR. Hér hafi komið fram góðar ábendingar eins og með persónuafsláttin. Við munum skoða það í stjórn félagsins. Loks óskaði hún Ragnari Þór til hamingju og velfarnaðar í starfi.

**k. Stefán Sveinbjörnsson** svaraði Stefáni Árna stuttlega og sagði þriðjung orlofssjóðsiðgjalds fara í VR varasjóð og er t.d. hægt að nota hann til að niðurgreiða dvöl í orlofshúsum VR og þess vegna séu þau í dýrari leigu en sumstaðar annarsstaðar.

Varðandi að endurskilgreina styrki sem endurgreiðslu sagði hann skattyfirvöld ekki sammála slíkri túlkun og að við viljum vera réttu megin í þessari framkvæmd. Það séu þó nokkrir kostnaðarliðir skattfrjálsir ekki bara líkamsrækt heldur mætti telja atriði eins og orlofsdvöl s.s. hótelgistingu heima og erlendis, sjúkrabjálfun ofl. Auk þess hefur félagið verið í samskiptum við skattayfirvöld því að þeirra túlkun er að sálfraðiþjónusta geti ekki verið endurhæfing og þær af leiðandi ekki undanþegin tekjuskatti á meðan styrkir vegna sjúkrabjálfunar eru undanþegnir tekjuskatti.

Var þá umræðum lokið undir liðnum Önnur mál.

Ragnar Þór Ingólfsson formaður VR tók að lokum til máls og sagði ánægjulegt hve margir hafi mætt til fundar í kvöld. Það verði honum áskorun að leggja línuna í starfinu í stjórn en á næsta fundi skipta þau með sér verkum og mun hann fyrst ræða við hvern stjórnarmann fyrir sig næstu daga.

Hvetur hann trúnaðarráð félagsins til aukinna skoðanaskipta og að nýta sér Facebook síðuna til þess. Áfram þurfi að ræða ýmislegt eins og t.d. hækkun eða lækkun félagsgjalda. Þá ræddi hann mál H.B. Granda og lífeyrissjóðakerfið.

Þakkaði hann traust félagsmanna sem hann lítur á sem stuðning til þeirra mála sem hann stendur fyrir. Lét hann þess að lokum getið að hann hafi þegar samið um laun sín við launaneft og muni launin lækka um 300 þúsund kr. frá því sem var.

Fundarstjóri óskaði eftir samþykki fundarins til þess að hann myndi fá heimild til að ganga frá fundargerð fundarins ásamt fundarritara.

Samþykkt.

Fundarstjóri þakkaði loks fundarmönnum fyrir komuna og sleit fundi kl. 21:08

Árni Leósson, fundarritari

